

## Almennar reglur

### *varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.*

Samkvæmt heimild þeirri, er landshöfðingja er veitt í 2. gr. laga nr. 2 frá 31. janúar 1896, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, eru með samráði við landlækni settar eptirfylgjandi almennar reglur fyrir því, hverjum vörnum skuli beita gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, þá er yfirvöld hafa sett varnir við þeim eptir ákvæðum nýnefndra laga. —

Þegar einhver er veikur af næmum sjúkdómi, riður mest af öllu á því, að allt hreinlæti sje viðhaft, sem frekast má verða, ekki aðeins að því er snertir hús (herbergi) það, sem sjúklingurinn liggur í, heldur og allan fatnað, sem hann liggur við og þau áhöld, sem hann verður að nota. Ennfremur er einkaráriðandi, að andrúmsloptið í húsinu sje sem hreinast.

Hinn sjúki ætti ávallt — sje þess nokkur kostur — að vera í húsi sjer og ekki aðrir yfir honum en sá eða þeir, sem hjúkra honum. Má opt takast að stöðva veikina, sjeu þau meðul brúkuð, sem drepa sóttarefnið, og öll aðgæzla viðhöfð.

### Sóttnæmi má eyða

1. með suðu í vatni, og sje soðið minnsta kosti í 1/2 klukkustund;
2. með heitri vatnsgufu. Til þess eru hafðir sjerstakir ofnar;
3. með karbólsýru, sem leyst er sundur í heitu vatni (karbólvatni).

Eigi karbólvatnið að vera sterkt, skal blanda 45 kvintum saman við 4 potta af soðnu vatni; eigi það að vera línt, skal blanda 18 kvintum í 4 potta; skal hræra vel í vatninu, svo sýran blandist vel saman við það;

4. með klórkalki; er það stundum brúkað sem duft og þá bland að saman við helmingi meira af þurrum hreinum sandi og haft til að þekja saurindi og því um líkt; stundum er klórkalkið leyst sundur í vatni og eigi klórkalksvatnið að vera sterkt, fara 8 kvint í pottinu, eigi það að vera línt, fara 2 kvint í pottinu. Þegar klórkalk skal leysa sundur í vatni, skal fyrst hella dálitlu af vatninu á klórkalkið, búa til jafning og svo hella smásaman því, sem eptir er af vatninu, og hræra jafnframt í; verður þá blandan mjólkurlituð; lítið eitt sezt á botninn (í ílátinu), sem eigi leysist sundur (kalk), en það má, ef vill, sjá það frá, en þess gjörist ekki þörf, ef brúka skal blönduna til þess að láta saman við saurindi. Bezt er að brúka blönduna nýtilbúna;

5. með súblímati, leystu sundur í soðni vatni; með því að þetta efni er mjög megent eitur og því vandfarið með það, skal enginn brúka það nema sjálfur læknirinn;

6. með því að viðra hið sóttnæma. Þegar svo stendur á, að engin sóttvarnarmedöl eru til taks, er reynandi að viðra það, sem sóttnæmi kynni að felast í, en það verður að gjöra í 3 eða 4 vikur samfleytt;

7. með því að brenna; ákjósanlegast er að brenna allt það, sem ein-skis eða lítills virði er: hálm, hey eða því líkt, sem haft er í rúm, ónýtan fatnað, tuskur, dúka, sem brúkað hefur verið til þess að þurka upp með sjer

hvað það, sem komið hefur frá sjúklingnum eða brúkað hefir verið við hann **22** eða þvegið með; en jafnframt verður að gæta þeirrar varúðar, sem síðar verð- **24. feb.** ur getið.

**Sjerstakar reglur fyrir því, hvernig brúka skuli sóttvarnarmedöl og hvernig eyða skuli sóttnæmi.**

Mikla aðgæzlu skal hafa á því, sem gengur niður af sjúklingnum eða upp úr honum, á hægðum til baks og kviðar, á því, sem hann selur upp eða hóstar upp, einkum sje veikin taugaveiki, (útbrotataugaveiki, blóðsótt, kólera, pest). Skal þegar í stað hella í það sterku klórkalksvatni eða sterku karbólvatni, og skal það, sem hellt er, vera að minnsta kosti að vöxtum jafnmikið og það, sem gengið hefur upp eða niður; ávallt skal vera lítið eitt fyrir í ílátinu, sem brúkað er, af sterku klórkalksvatni eða sterku karbólvatni. Óhreinindunum skal þegar í stað komið burt og þau látin í ílát, sem til þess er ætlað, á afviknum stað; sje ílátið vel helt og lok yfir; skulu óhreinindin látin vera kyr í því í 1 klukkutíma, hafi klórkalksvatni verið hellt í, en 4 klukkutíma, hafi karbólvatni verið hellt í. Á hverjum degi skal tæma þetta ílát og láta óhreinindin í gryfju, sem til þess er ætluð og lukt sje; en ef ekki er hægt að koma þessu við, skulu þau látin í vel helt ílát og þakin með lagi af klórkalki og þurrum sandi og sje sandurinn helmingi meiri að vöxtum en klórkalkið. Þetta ílát skal og tæma á hverjum degi, og í hvert skipti, sem bú-  
ið er að tæma það, skal hella í það dálitlu af sterku klórkalksvatni eða sterku karbólvatni.

Sje salerni brúkað, skal þekja saurindin með klórkalki og sandi; tæma sem optast ílátið og hella svo í það sterku klórkalksvatni eða sterku karbólvatni; þvo skal og setuna að minnsta kosti tvisvar á dag með sterku karbólvatni.

Eigi riður síður á að fara varlega með allan fatnað. Engan fatnað, hvort heldur er íverufatnaður, rúmfatnaður eða því um líkt, tuskur, þurkur og þess konar, má hrísta, berja eða burstu, áður en búið er ná sóttnæmi úr honum. Allt þess konar skal þegar í stað látið í sjóðheitt vatn og soðið í  $\frac{1}{2}$  klukkustund eða látið í lint karbólvatn og látið liggja í því þangað til fatnaðurinn er þvegin. Sje eitthvað það í herberginu, sem ekki þolir suðu eða eigi má láta ofan í karbólvatn, má ekki bera það út nema því að eins að látinn sje utan um það dúkur, sem vættur sje áður í linu karbólvatni.

Yfir höfuð að tala verður vel að gæta þess, að láta engan fatnað frá sjer fara nje þvo hann fyrr en búið er að sjóða hann í  $\frac{1}{2}$  tíma í sápuvatni.

Sjeu heyðýnur eða þess leidis undir rúminu, skal vinda poka upp úr linu karbólvatni og láta hann síðan utan um dýnurnar með hægð, svo ekki fari ryk úr þeim, og bera svo allt saman út og brenna heyinu og því líku þegar í stað; það, sem utan um er, sje soðið í  $\frac{1}{2}$  tíma, eins og áður er sagt, eða helzt brennt. Hver, sem átt hefur við þetta, verður svo að hreinsa sig á þann hátt, er síðar verður getið.

Allt annað, sem eigi þolir sjóðheitt vatn eða þvott, skal burstu vandlega

**22** upp úr sterku karbólvatni og hengja það síðan til þurks í 3 eða 4 vikur, 24. febr. helzt þar, sem sól og dragsúgur getur leikið um það.

Hafi blóð, graptarvilsa eða önnur vilsa komizt í fötin, skal leggja þau í bleyti í köldu, sterku karbólvatni, áður en þau eru soðin.

Þegar húsgögn eða húsbúnaður er hreinsaður, skal gæta þess, að ryk, sem kynni að vera í honum, þyrlist ekki út í herbergið, og því skal fyrst strjúka um hlutina með dúk, undnum upp úr karbólvatni og nudda þá síðan og þerra með þurrum dúk. Sje um póleraðan húsbúnað að ræða, myndaramma og því um líkt, sem ekki þolir sterkt karbólvatn, skal brúka lín t karbólvatn, og sje einhver hlutur mjög óhrein, skal fyrst þvo hann úr heitu sápuvatni; brenna skal þegar stað þeim dúk, sem til þessa hefir verið hafður, eða hreinsa hann í sterku karbólvatni.

Alla hluti, sem þola vætu, skal yfir höfuð sjóða í  $\frac{1}{2}$  tíma í vatni, eða þeir sjeu látnir liggja í sterku eða línu karbólvatni í 4 tíma.

Bezt er að brenna því, sem einkis er virði. Þegar hreinsa skal herbergi skal þess gætt, að sópa ekki lopt nje veggj eða gólf með þurrum sóp, svo að rykið þyrlist ekki út í herbergið, heldur skal byrja á því að þvo lopt, veggj, hurðir, gólf, glugga, rúmstæði o. s. frv. úr sterku karbólvatni; á kalkaða veggj má og strjúka klórkalksblöndu (1 partur klórkalks og 2 partar vatns). Veggjapappír má og þvo úr karbólvatni.

Þegar herbergi er hreinsað, riður sjerstaklega á því, að vandlega sje þvegið þar, sem eru sprungur eða rifur eða samskeyti; þar þarf að skafa öll óhreinindi burt og ná þeim í tusku, sem áður sje vætt í karbólvatni og henni síðan brennt.

Herbergið sje svo látið óhreyft í  $\frac{1}{2}$  sólarhring og að því húnu þvegið allt hátt og lágt úr heitu sápuvatni, opnaðir gluggar og viðrað að minnsta kosti í viku.

Hver maður, sem hefir haft samneyti við sjúkling, sem veikur er af næmum sjúkdómi, skal vandlega þvo hendur sínar, handleggi og andlit úr línu karbólvatni eða línu klórkalksvatni, og síðan úr volgu sápuvatni. Föt og hár sjeu burstuð með burstu, vættum í línu karbólvatni.

Hver, sem stundar sjúkling eða er einlægt yfir honum, verður að fara sjer gætilega. Sá, sem hættir að stunda sjúklinginn, verður að fara úr þeim fötum, sem hann hefir verið í, áður en hann fer út úr herberginu, og skal síðan fara með þau fót, eins og áður er sagt um fatnað. Hann má ekki hafa samneyti við aðra eða fara í annað hús fyr en hann hefir þvegið sjer öllum hátt og lágt og greitt sjer upp úr línu karbólvatni eða línu klórkalksvatni, og síðan laugað sig úr heitu sápuvatni eða kerlaug og loks farið í hrein fót. Sá, sem stundar hinn veika, skal iðulega þvo hendur sínar upp úr heitu sápuvatni og síðan úr línu karbólvatni og ná öllum óhreinindum undan nögglum sjer, og eins ætti hann að þvo sjúklingnum í framan á hverjum morgni úr línu karbólvatni og greiða honum úr því, þvo daglega hendur sjúklingsins úr sama og ná öllum óhreinindum undan nögglum hans.

Sjúklingur, sem er orðinn heilbrigður, má ekki hafa samneyti við heil-

brigða fyrr en hann er búinn fyrst að þvo sjer öllum og hárið með úr linu **22**  
 karbólvatni eða linu klórkalksvatni, og síðan að lauga sig úr hreinu vatni eða **24. febr.**  
 kerlaug og hefir farið í hrein föt. Með allan fatnað hans, sem hann hefir brúk-  
 að, meðan á sjúkdómnum stóð, skal farið eins og áður er getið.

Þeir, sem eiga við hreinsun herbergja eða húsgagna, ættu að rjettu lagi  
 að vera í sjerstökum fatnaði (ljereptsbúningi og hafa á höfði ljereptshúfu með  
 skygni bæði framan og aptan), sem að sjálfsögðu sje síðar farið með á sama  
 hátt og áður er getið um hreinsun fatnaðar. Þeir verða og að hreinsa sig á  
 líkan hátt og sjúklingurinn, þegar þeir eru búnir að sínu verki.

Enginn skal neyta þeirra matvæla (vatns, mjólkur o. s. frv.), sem  
 sóttnæmi kynni að hafa borizt í, nema þau sjeu soðin rjett áður; hafi liðið nokk-  
 ur tími frá því þau voru soðin, skal sjóða þau upp aptur.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 24. febr. 1897.

**Magnús Stephensen.**

*Jón Magnússon.*

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vesturamtinu um **23****  
**tiundarfrádrátt vegna vanhalds.** — Þjer hafið, herra amtdaður, í þóknanlegu brjefi, **18. febr.**  
 dagsettu 16. þ. m., beiðzt úrlausnar minnar á eptirrituðum fyrirspurnum frá  
 hreppstjóranum í Nesjahreppi í Skaptafellssýslu:

1. hvort rjett sje að lækka ær í tíund fyrir lömb, sem vanta af fjalli, þegar  
 hausthreppaskil sjeu haldin, þannig að jafnmargar ær, og lömb vantaði,  
 yrðu þá lagðar í tíund sem lambsgotur;
2. hvort rjett sje að lækka ær í tíund á hausthreppaskilum fyrir lömb, sem  
 vist væri um að hefðu drepizt að sumrinu;
3. hvort rjett sje að fella þá hesta úr tíund að haustinu, sem slegnir hafa  
 verið af annaðhvort vegna aldurs eða fyrir fódurskort eiganda;
4. hvort rjett sje að fella þá hunda úr framtali á hausthreppaskilum, sem  
 eigendurnir hafi drepizt að sumrinu eptir vorhreppaskil, og
5. hvort rjett sje að hreppstjóri þurfi eigi að geta þeirrar tíundar í  
 skýrslum sínum, sem sje við framtal á vorþingi 73 áln. (60 áln. og þar  
 yfir), en lækki svo við vanhöld og sjöundarfrádrátt, að eptir verði að eins 46  
 áln. (minna en 60 áln.)

Hafið þjer látið það álit yðar í ljós

um 1. fyrirspurnina, að henni beri að svara neitandi, því að auk þess sem  
 vöntun lambs af fjalli sje engi sönnun fyrir því, að það hafi farizt, þá sje þess  
 að gæta, að ærin með lambi sje skoðuð sem ein heild, eins og hún komi fyrir  
 í fardögum, og í tiundarlögum sje ekkert tekið fram um það, að ærin skuli  
 skoðuð öðru vísi eða lækkuð í tíund, þótt hún komi fram lamblaus að haustinu  
 til. Ennfremur látið þjer þess getið, að vanhöld þau, sem sjeu fólgin í því, að  
 lambið komi eigi fram, eða vanti, sjeu tekin til greina á þann hátt, að sjöundi  
 hluti fjenadarins er felldur úr tíund.

5. dag marzmán. 1897.